



Vefsíða: [www.inl.is](http://www.inl.is) Netfang: [info@snorri.is](mailto:info@snorri.is)

## Fréttabréf Þjóðræknisfélags Íslendinga

Ritstjórn: Ásta Sól Kristjánsdóttir – Almar Grímsson (ábm.) Myndir: Kent Lárus Björnsson

**Neil Ófeigur Bardal**  
**látinn**  
Minningarsamkoma  
25. febrúar 2010



Heiðursfélagi ÞFÍ Neil Ófeigur Bardal lést í Winnipeg 13. febrúar sl. eftir erfiða glímu við krabbamein. Neil var einn öflugasti baráttumaður fyrir auknum samskiptum milli Íslands og afkomenda íslenskra landnema í Norður Ameríku. Hann var ávallt reiðubúinn til að leggja góðum málum lið og veitti af örlæti bæði tíma og fjármunum til þess.

Neil Bardal naut mikillar virðingar bæði í samfélagi Vestur-Íslendinga og meðal þeirra fjölmörgu á Íslandi sem hann kynntist. Við syrgjum góðan dreng og sendum fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur.

Þjóðræknisfélagið gengst fyrir samkomu til að heiðra minningu Neils Bardal. Hún verður haldin í **Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 25.2. n.k. kl. 1600 og eru allir þeir sem vilja heiðra minningu hans boðnir velkomnir.**

\*\*\*

### Þjóðræknisfélag Íslendinga 70 ára Velheppnað afmælishald

Haldinn var hátíðarfundur í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 28. nóvember sl. Almar Grímsson formaður ÞFÍ greindi frá aðdraganda stofnunar félagsins 1. des. 1939. – Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti félaginu heillaóskir og hvatningarorð. – Atli Ásmundsson aðalræðismaður í Winnipeg flutti erindi um starfið fyrir vestan. – Sendiherra Kanada og fulltrúi frá sendiráði Bandaríkjanna ávörpuðu fundinn og Valgeir Þorvaldsson flutti kveðjur frá Vesturfara-setrinu á Hofsósi.

Caelum Vatnsdal fulltrúi Núna-Now greindi frá framlagi ungs listafólks til aukinna samskipta Kanada og Íslands. Gísli Pálsson prófessor flutti afar fróðlegt erindi um „Mannfræði Vestur-Íslendinga.“



Flytjendur erinda á afmælisþinginu Sveinn Einarsson leikstjóri og Arnar Jónsson leikari fluttu dagskrá í minningu Stephans G. Stephanson og var gerður mjög góður rómur að flutningi þeirra. - Að dagskrá lokinni var boðið í kaffi og meðlæti og sýndi Elín Hirst brot úr heimildarmynd sem hún vinnur að. Ásta Sól Kristjánsdóttir kynnti Snorraverkefnið og Jónas Þór greindi frá ferðaáætlunum Vesturheims sf.



Frá hægri: Formaður ÞFÍ, Almar Grímsson, ásamt Ástu Sól Kristjánsdóttur framkvæmdastjóra ÞFÍ, Birni Thoroddsen í Guitar Islancio og Atla Ásmundssyni aðalræðismanni í Winnipeg.